

Auglýsing um friðun í Eldey.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Eldey út af Reykjanesi friðland.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

Bannað er fara í eyna án leyfis [Umhverfisstofnunar].

Skot eru bönnuð nær eyinni en 2 km.

Bannað er að hafa eyna að skotmarki, hvort heldur er af landi, sjó eða úr lofti.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Felld eru úr gildi eldri ákvæði um friðun eyjarinnar.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. apríl 1974.

Magnús T. Ólafsson

---

Knútur Hallsson